

FRÆÐSLUNEFNDARFUNDUR HALDINN 14. SEPTEMBER 2015 Á KIRKJUBÆJARSTOFU

139 . FUNDUR

MÆTTIR: AUÐBJÖRG B. BJARNADÓTTIR (D), ARNDÍS JÓHANNA HARÐARDÓTTIR BOÐAR FORFLL (Z), RAKEL PÁLMADÓTTIR (D), RAGNHEIÐUR HLÍN SÍMONARDÓTTIR BODAR FORFÖLL OG Í HENNAR STAÐ MÆTIR ARNFRÍÐUR SÆDÍS JÓHANNESDÓTTIR (Ó), SVERRIR GÍSLASON (Ó)

Formaður býður alla velkomna og setur fund 9.20.

Fræðslunefnd

K1 09:15 – 09:40

1. Erindi sem hafa borist

- Beiðni frá mötuneyti Kirkjubæjarskóla varðandi gjaldskrá og reglur mötuneytis. Fræðslunefnd leggur til minniháttar breytingar, sjá meðfylgjandi skjal.
- Bréf frá MMR dagsett 18. ágúst 2015, bréfið tekið fyrir.
- Bréf frá MMR dagsett 14. ágúst 2015, bréfið tekið fyrir.

2. Málefni tónlistarskóla

- Tónlistarskólastjóri hefur sagt upp störfum af persónulegum ástæðum. Fræðslunefnd leggur til við sveitarstjórn að staða tónlistarskólastjóra verði auglýst sem fyrst.

3. Önnur mál.

- Að beiðni sveitarstjóra leggur formaður til kynningar tillögur frá Vinnuvernd vegna vinnustaðaúttektar. Fræðslunefnd tekur jákvætt í erindið.
- Fræðslunefnd vill vekja athygli á heilsuvikum sem víða eru haldnar af sveitarfélögum og hafa gefið góða raun. Hvetur fræðslunefnd sveitarstjórn til að hrinda slíku í átaki í framkvæmd, jafnvel í samvinnu við hin ýmis fyrirtæki og félög s.s. ungmennafélög í hreppnum.

RP SG
DBB AJ

Fræðslunefnd – Kirkjubækarskóli á Síðu

Mættir: Kjartan H. Kjartansson, Karítas Kristjánsdóttir, Guðbrandur Magnússon

KÍ 09:40 – 10:40

1. Erindi sem hafa borist

- Bréf frá MMR dagsett 2. júní 2015. Skv. upplýsingum skólastjóra var upplýsingum um framkvæmd umbótaáætlunar send í byrjun september en ekki hefur verið fundað með sjálfsmatsteymi.
- Bréf frá MMR dagsett 15. ágúst 2015. Skólastjóra er falið að vinna að úrbótum.
- Bréf frá MMR dagsett 18. ágúst 2015, bréfið tekið fyrir. Skólastjóra falið að leggja fram starfsáætlarnir og skólanámsskrá fyrir skólaárið 2015-2016 til staðfestingar.
- Beiðni frá heimilisfræðikennara um endurnýjun tækja og viðhald heimilisfræðistofu. Fræðslunefnd biður heimilisfræðikennara í samvinnu við skólastjóra að gera kostnaðaráætlun sem liggi fyrir við gerð fjárhagsætlunar.

2. Innra mat – fyrirkomulag

- Formaður leggur til að vinnufundur verði haldinn, annars vegar fræðslunefndin um þá þætti sem að henni snýr og hinsvegar með skólastjórnendum skólanna. Lagt er til að vinnufundurinn verði haldinn eftir hádegi 29.september.

3. Starfsáætlun

Skólastjóri kynnir drög.

4. Starfsmannamál

- Jóhann Gunnar Böðvarsson og Helga Guðrún Sigurjónsdóttir létu af störfum síðast liðið vor. Gunnar Pétur Sigmarsson hefur verið ráðinn sem íþróttakennari. Hann fékk bæði undanþágu fyrir íþrótt- og sundkennslu. Í stöðu skólaliða var ráðinn Miroslaw Majak en hann sinnir þrifum og Unnur Blandon og Sólveig Ólafsdóttir sinna gæslu á skólatíma og tóku einnig að sér félagsmál skólans og sinna utanumhaldi félagsmiðstöðvar.

5. Starfs – og námsráðgjöf

Skólastjóra er falið að móta tillögu og leggja fyrir á næsta fundi.

6. Önnur mál

BP SG

ASJ

2.

- Þjóðarátak í læsi. Skólastjóri kynnir málið.
- Skólastjóri nefnir viðhald á húsnæði skólans. Lagnir hafa verið að gefa sig og greinilegar rakaskemmdir eru á húsnæðinu. Skólastjóri er beðinn að koma með drög að viðhaldssáætlun og leggja fyrir á næsta fundi.

Fræðslunefnd – Heilsuleikskólinn Kæribær

Mættir: Guðrún Sigurðardóttir, Sunneva Kristjánsdóttir

Guðrúnu er óskað til hamingju með starfið og hún boðin velkomin á sinn fyrsta fund sem leikskólastjóri.

Kl 10:45 – 11:20

1. Erindi sem hafa borist

- Sunneva Krisjtánsdóttir víkur af fundi. Bréf frá foreldri um vistunartíma og breytt skipulag sumarleyfis tekið fyrir. Nokkur umræða skapaðist. Stefnt verður að því að endurskoða reglurnar og taka fyrirá næsta fundi.
- Sunneva Kristjánsdóttir kemur á fundinn. Bréf frá MMR 14. ágúst 2015. Leikskólastjóra falið að kynna verklagsreglur um tilkynningaskyldu samkvæmt barnaverndarlögum fyrir alla starfsmenn leikskólans við fyrsta tækifæri.
- Bréf frá MMR 18. ágúst 2015. Skólastjóra falið að leggja fram starfsáætlarnir og skólanámsskrá fyrir skólaárið 2015-2016 til staðfestingar við fyrsta tækifæri.

2. Innra mat fyrirkomulag

- Formaður leggur til að vinnufundur verði haldinn, annars vegar fræðslunefndin um þá þætti sem að henni snýr og hinsvegar með skólastjórnendum skólanna. Lagt er til að vinnufundurinn verði haldinn þann 29.september eftir hádegi.

3. Skýrsla frá leikskólaráðgjafa

- Skýrsla frá leikskólaráðgjafa Félags- og skólapjónustu Rangárvalla- og Vestur- Skaftefellssýslu lögð fram, þ.e. skýrsla um innra mat vorið 2015. Leikskólastjóri kynnir sjálfsmats- og úrbótaáætlun. Nú þegar er hafin vinna við úrbætur á mörgum þáttum. Fræðslunefnd hvetur sveitarstjórn til að styðja við þær úrbætur sem nefndar eru í skýrslunni. Þess má geta að skýrslan er aðgengileg á heimasíðu Heilsuleikskólans Kærabæjar. Leikskólastjóra er falið

RP SG
AS)

að upplýsa foreldra um að þessari vinnu sé lokið og að skýrslan sé aðgengileg öllum á heimasíðu leikskólans.

4. Bréf frá skólapjónustunni um vinnuaðstöðu starfsmanna sérfræðiþjónustu í leik- og grunnskólum. Leikskólastjóra falið að vinna að varanlegrí úrlausn sem fyrst.

5. Starfsmannamál

- Guðrún Sigurðardóttir var ráðin leikskólastjóri og tók til starfa 1. ágúst.
- Jóhannes Elmar Jóhannesson var ráðinn í stöðu deildarstjóra/staðgengils leikskólastjóra og tók til starfa 1. ágúst.
- Dóra Einarssdóttir kemur til með að vera í 70% stöðu leiðbeinanda frá 1. nóvember vegna skipulagsbreytinga.
- Þórgunnur María Guðgeirsdóttir er í 100% stöðu leiðbeinanda.
- Reglur um styrki til nema í leikskólakennarafræðum – frestað.
- Í leikskólanum eru 14 börn.

6. Önnur mál

- Leikskólastjóri leggur fram samantekt á áhættumati. Umræðu frestað þar til á næsta fundi.
- Ytra mat á starfi leikskólans, á vegum Námsmatsstofunnar, er í vinnslu.

Formaður slítur fundi kl. 12.07

Fundarritari: Rakel Pálmadóttir fundargerð er tölvuskráð og er 4 bls.

Guðbjörng Þ Þórhildsdóttir
Amfritur Sædis Jóhannsdóttir
Rakel Pálmadóttir
Svanur Þorðarson